



Reykjavík 11.05.2017

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11  
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók umhverfis- og skipulagsráðs frá 10. maí 2017 varðandi eftirfarandi mál.

### **Smiðshöfði 19**

Lögð fram umsókn Breiðás ehf., mótt. 11. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 19 við Smiðshöfða. Í breytingunni felst að heimilað verði að hafa LED skjá á gafli hússins. Einnig er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

*Synjað með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.*

*Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins Áslaug María Friðriksdóttir og Herdís Anna*


*Þorvaldsdóttir sitja hjá í ljósi þess að skiljanlegt hljóti að teljast að viðkomandi hafi sett upp skilti á sama stað og fyrrverandi skilti þó um aðra tækni sé að ræða. Borgin eigi fyrst og fremst að einbeita sér að því að endurskoða reglur vegna nýrrar tækni í stað þess að agnúast út í athafnafólk. Þrátt fyrir að deiliskipulagi verði ekki breytt megi koma til móts við aðilana með undanþágum þar til reglur eru skýrar. Þá vilja fulltrúarnir gera athugasemdir við að í umsögn skipulagsfulltrúa er stuðst við forsendur sem ekki er búið að setja stefnu um. Eðlilegt væri að vísa málinu í svokallaðan skiltahóp sem hefur það verkefni að móta stefnu um LED skilti í borginni og hefur ekki lokið störfum. Mýtan um að verkalag borgarinnar sé að allt sé bannað nema það sé sérstaklega leyft er greinilega sönn.*

*Fulltrúi Bjartrar framtíðar Karl Sigurðsson fulltrúar Samfylkingarinnar Sverrir*

*Bollason og Stefán Benediktsson og fulltrúi Vinstrihreyfingarinnar-græns framboðs Gísli Garðarsson bóka: "Samkvæmt tillögu starfshóps sem lögð var fyrir í Umhverfis- og skipulagsráði á dögunum var ákveðið að gera ekki breytingar á deiliskipulagsáætlunum vegna ljósaskilta þangað til frekari skilyrði liggja fyrir. Afgreiðslan er í samræmi við þá stefnu. Mýtur eru samkvæmt orðanna hljóðan ekki sannar"*

*Vísað til borgarráðs.*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

  
Björgvin Rafn Sigurðarson

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 8. maí 2017.

**Varðar: Smiðshöfði 19** (fyrirspurn) Lögð fram umsókn Breiðás ehf., mótt. 11. nóvember 2016, varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 19 við Smiðshöfða. Í breytingunni felst að heimilað verði að hafa LED ská á gafli hússins.



#### **Skipulag í gildi:**

Í gild er Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 samþykkt í borgarstjórn Reykjavíkur 26. nóvember 2013 og birt í B-deild stjórnartíðinda 26. febrúar 2014. Landnotkun lóðarinnar er miðsvæðis M4a. Höfðar: *Fyrst og fremst gert ráð fyrir rýmisfrekum verslunum, heildsölum og skrifstofum. Léttur iðnaður og verkstæði eru leyfð. Að öllu jöfnu er ekki gert ráð fyrir íbúðarhúsnæði, gistiheimilum eða hótelum, nema það sé sérstaklega tilgreint í deiliskipulagi. Gera skal grein fyrir nýjum matvöruverslunum í deiliskipulagi.* Í gildi er deiliskipulag fyrir Árthúnshöfða, samþ. 1. júní 2009 en jafnframt var gerð breyting á deiliskipulagi fyrir lóðina Smiðshöfði 19 sem var samþ. í borgarráði 11. febrúar 2003.

#### **Umsögn:**

Óskað er eftir heimild fyrir breytingu á deiliskipulagi svo heimild sé fyrir LED ljósaskilti sem staðsett er á gafli hússins, sjá mynd fyrir ofan, sem sett var upp í óleyfi. Áður hafði skipulagsfulltrúi gefið neikvæða umsögn (dags. 21. okt. 2016) um byggingarleyfi fyrir skiltinu.

Lagt er til að tekið sé neikvætt í fyrirspurnina. Ekki er talin ástæða til að heimila breytingu á gildandi deiliskipulagi fyrir umrætt skilti vegna umfangs, ljósmengunar, áhrifa á ásýnd þéttbýlis innan borgarmarka og áhrif á sjónlínur aðliggjandi byggðar, sbr. stefnuákvæði aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 „Borg fyrir fólk“, sérstaklega varðandi gæði byggðar og gatan sem borgarrými.

#### **Niðurstaða:**

Neikvætt með vísan til umsagnar hér að ofan.

f.h.

#### **Skipulagsfulltrúa Reykjavíkur**

Jón Kjartan Ágústsson, skipulagsfræðingur, verkefnastjóri